

» Ef marka má myndina er myndin í Hanna High School algjör 37



Samstarf Rut Ingólfssdóttir og Richard Simm spila á Stokkalæk.

Rut og Richard í Selinu

● Tónleikar á Stokkalæk á sunnudag

Rut Ingólfssdóttir, fíðluleikari, og Richard Simm, píanóleikari, halda tónleika næstkomandi sunnudag í Selinu á Stokkalæk, Rang-árvöllum. Á tónleikunum, sem hefjast kl. 16:00, hyggjast þau leika verk eftir Mozart, Beethoven, Árna Björnsson og Cesar Frank. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Félag íslenskra tónlistarmanna með styrk frá menntamálaráðuneytinu.

Rut Ingólfssdóttir hóf fíðlunám fimm ára gömul hjá Ruth Hermanns og stundaði síðar nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Conservatoire Royal de Musique de Bruxelles.

Rut hefur margt komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur og leikið inn á fjölda geisladiska.

Richard Simm er Englendingur en hefur verið búsettur hér á landi undanfarin ár og starfar nú sem píanóleikari við Listaháskóla Íslands. Hann nam við Royal College of Music í London og við Staatliche Hochschule für Musik í München.

Rut og Richard hafa unnið saman frá 2001 og kynnt íslenska tónlist í Tókýó, París, Brussel, Peking, Lanzhou og Róm.

Myndlist Gjörningar og leiðsögn í Gerðarsafni

Í byrjun mánaðarins var opnuð samsýning níu ungra myndlistarmanna í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Nú um helgina verða fluttir gjörningar og einnig verður leiðsögn um sýninguna.

Á laugardag fremur Páll Haukur Björnsson gjörning Páls Hauks Björnssonar í safnrýminu og stendur hann yfir kl. 15:00-17:00.

Á sunnudag kl. 15:00 munu síðan Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri sýningarinnar og listamennirnir Steinunn Gunnlaugsdóttir og Gunnðís Ýr Finnbogadóttir segja frá sýningunni og ræða um einstaka verk.



Birta Guðjónsdóttir

Bókmenntir Fólkið í kjallaranum komið út í kilju

Fólkið í kjallaranum eftir Auði Jónsdóttur er komið út í kilju. Bókin segir frá Klöru sem ólst upp við frjálshyggju hipparforældra og átti skrautlega æsku, en er nú í sambúð með ungum manni á uppleið. Ákveðin atvik verða til þess að hún gerir upp við hugsjónir foreldranna, jafnframt því sem hún tekst á við gildismat eigin kynslóðar. Um leið uppgötvar hún nýjar hliðar á sjálfri sér og eigin lífi. *Fólkið í kjallaranum* hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2004 og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Borgarleikhúsið sýnir í haust leikgerð bókarnar í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur.



Kápa Fólksins í kjallaranum.

Stjórn málaumræða Hausthefti Þjóðmála komið út

Hausthefti *Þjóðmála* er komið út. Meðal efnis í nýja heftinu er grein Atla Harðarsonar um svokallaða „nýfrjálshyggju“ sem lýst hefur verið sem ríkjandi hugmyndafræði í aðdraganda hruns bankanna. Matthías Johannessen gerir upp við Baugstímann í greininni „Samsæri gegn upplognu samsæri!“, Björn Bjarnason skrifar um ris og fall Baugsmiðlanna, Hjörtur J. Guðmundsson fjallar um afstöðu forystumanna Sjálfstæðisflokksins til Evrópusamrunans, Guðni Th. Jóhannesson birtir kafla úr væntanlegri ævisögu sinni um Gunnar Thoroddsen og svo má lengi telja.



Heldur upp á afmælið með tónlistarveislu

● Garðar Cortes er sjötugur í dag

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@mbl.is

Frumkvöðull

» Garðar Cortes hefur komið víða við í tónlistarlífinu á Íslandi. Honum hefur hlötnast ýmis heiður fyrir frumkvæði sitt og störf að tónlistarmálum, þar á meðal fyrstu Bjartýnisverðlaun Bröste fyrir stofnun Íslensku óperunnar 1982.

þurfti að gera svo margt, þannig að eitt leiddi af öðru,“ segir hann. „Svo kom í ljós að sumt gat ég gert betur en ég hélt og annað ekki eins vel, en ég gerði það samt. Þetta er bara lífsins saga. Ef manni finnst eitthvað skemmtilegt skynjar maður ekki endilega hvað liggur vel fyrir manni, og hvað maður á að láta vera. En það er mjög mikilvægt að geta staðsett sig. Ég er músikmaður, söngvari af því þar kann ég til verka, enda hlaut ég góða kennslu, og svo eru það viss forréttindi að fá að kenna ungvíðinu og miðla af reynslu allra þessara ára.“

Syngur ekki lengur

Hann syngur ekki lengur opinberlega en á ferlinum söng hann tenórhlutverk í óperu- og tónleikahúsum hér heima og erlendis. „Þegar maður



Morgunblaðið/Golli


Garðar Cortes „Það er mjög mikilvægt að geta staðsett sig. Ég er músikmaður, söngvari af því þar kann ég til verka.“

er kominn á þennan aldur þá syngur maður ekki lengur,“ segir hann. „Það er annað sem tekur við og það er svo margt að ég get ekki saknað söngsins. En auðvitað var stórkostlegt á sínum tíma að syngja Othello, Rada- mes, Cavaradossi, Alfredo og alla

hina karlana. Eina óperu átti ég mér sem uppáhald en ég náði aldrei að syngja í henni. Það er Peter Grimes eftir Britten, mögnuð og tilprifamikil ópera. En ég er sáttur,“ segir Garðar að lokum, og vonast eftir að vinir og vandamenn komi til veislunnar.

Maðkur í myndinni

MYNDLIST
ANNA JÓA



Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús


D17 – Magnús Helgason
★★★★☆

Til 24. október 2010. Opíð daglega kl. 10-17 og fimmtudaga til kl. 22. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Yean Fee Quay.

Komið er að Magnúsi Helgasyni í sýningarröð Listasafns Reykjavíkur í D-sal Hafnarhússins. Magnús sýnir á annan tug málverka og á vegginn hefur hann

skrifað „ég er ekki safnhaugur“ og „ég er ánamaðkur“. Á gólfi sjást deplar – kannski för eftir ánamaðk? Með þessum orðum er skírskotað til vanda sem listamenn standa frammi fyrir nú þegar frumleikinn virðist heyra sögunni til og endurtekniningin verður óhjálpslega hlutskipti margra. Magnús kýs að líkja listrænu starfi sínu við líf ánamaðksins sem nærast í frjósömum jarðvegi – og á jafnframt þátt í endurnýjun hans.

Málverk Magnúsar eru byggð upp hægt og rólega meðan hann hlykkjast um moldina og finnur ýmislegt á leið sinni, t.d. parketplötu með ummerkjum eftir ferhyrnda spýtu og e.t.v. málningarslettum. Þá er listamaðurinn kominn á sporð, og af listrænu innsæi fullvinnur hann smám sam-



Figuró/æla Eitt af verkum Magnúsar Helgasonar. „Svo fögur ég æli / So perfect I'll puke“ frá árinu 2009.

an verkið. Áhrifin koma einnig frá götulistinni, tölvugrafík, myndmáli fjölmiðla og auðvitað listasögunni,

og útkoman er bráðskemmtilegur spuni. Glettnin endurspeglast í heitum verka eins og *Valhóppar af*

kæti, *Algjör heppni* og *Nú Herðubreið* en í síðastnefnda verkinu, sem lýsir barnslegri leikgleði, skírskotar Magnús til alþýðulistamannsins Stefáns frá Möðrudal. Verk Magnúsar einkennast vissulega af „upprunalegri“ tilfinningu fyrir hrynjandi í línu og lit, en í þeim býr jafnframt fágúð sjónræn hugsun og er verkið *Fjórir bláir* gott dæmi um slíkt. Í stærri verkunum, sem flest eru unnin á striga, gætir meiri frásagnarþarfar; stenslatæknin verður figúrátíf fremur en afstrakt og textar rata inn á myndflötinn. Þarna nær Magnús ekki sama flugi og í smærri myndunum, stóru verkin eru flatari og þar órlar á tilgerð. Hér er þó engu að síður á ferðinni lunkinn ánamaðkur og vert að fylgjast með næst þegar hann stingur upp kollinum.